



517. Stjórnarfundur haldinn 24. janúar 2019 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES). Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

1. Fulltrúar knattspyrnu- og körfuknattleiksdeilda voru mættir á fundinn vegna Hringbrautar 108.

Sigurður Garðarsson formaður knattspyrnudeildar, Jónas Guðni Sævarsson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar, Ólafur Örvar Ólafsson varaformaður körfuknattleiksdeildar og Gunnlaug Olsen gjaldkeri körfuknattleiksdeildar.

EH bauð þau velkomin á fund aðalstjórnar og gaf þeim orðið. Sigurður fór yfir þann kostnað sem hlýst af að hýsa leikmenn deildanna en hann er verulega hár eða nálægt einni koma sex milljónum á mánaðargrundvelli sem er þungt í rekstrinum. Hugmyndir deildanna er að fá afnot af Hringbraut 108 og gera það að íbúðum undir leikmenn. EH fór yfir hvernig félagið eignaðist húsið og þær kvaðir sem hvíldu á húsinu (má hvorki veðsetja né selja það) Ekki er á hreinu hvort þessum kvöðum hafa verið aflétt. Húsið er ekki í góðu ásigkomulagi. Erindi frá Gullhjarta liggur inni hjá aðalstjórn um að taka húsið á leigu og styðja við þessar tvær deildir. Aðalstjórn er jákvæð fyrir að leigja húsið undir þessa starfsemi en fyrst þarf að gagna úr skugga um hver staða aðalstjórnar er gagnvart Reykjanesbæ og öðrum þeim aðilum sem kunna að koma að málinu. Eins og staða er í dag þá er húsið skráð sem eign Reykjanesbæjar. Vonandi verður breytin á því ekki seinna en í febrúar að húsið verið skráð á félagið. EH óskaði eftir því að deildir myndu gera kostnaðarmat á þeim breytingum sem þarf að gera til að húsið verið hæft undir íbúðir. EH heldur áfram að kanna hvort það séu einhverjir annmarkar gagnvart Reykjanesbæ og öðrum þeim sem kunna að koma að þessu. Sigurður óskaði eftir því að fá að setja inn leikmann núna því að deildin væri í vandræðum með að fá húsnaði undir leikmanninn. Þessari ósk var hafnað á þeirri forsendu að húsið væri ekki íbúðarhæft eins og ástand hússins er í dag. EH þakkaði fulltrúum knattspyrnunnar og körfunnar fyrir komuna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

3. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Jónasi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar vegna frestunar á greiðslum skuldar til aðalstjórnar. **Nokkrar umræður um stöðu deildarinnar og erindið samþykkt.** Bréf frá Ingva Hákonarsyni formanni og Gunnlaugu F. Olsen gjaldkera körfuknattleiksdeildar vegna ósk um frestun á greiðslu láns til aðalstjórnar. **Nokkrar umræður um stöðudeildarinnar og ákveðið að staðið yrði við gert samkomulag um greitt verði inn á reikning aðalstjórnar. Aðalstjórn lánar síðan körfunni aftur sömu upphæð til 1 maí 2019.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar vegna fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar 2019. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Svandísi Þorsteinsdóttur formanns blakdeildar vegna afnota af skrifstofu í félagsheimili okkar undir blakdeildina. **Samþykkt að blakdeildin deili skrifstofu með badmintondeild og taekwondodeild.**

4. Send bréf

Yfirlýsing um sjálfstæði knattspyrnudeildar gefið út til knattspyrnudeildar Keflavíkur.





Frh. 517. Stjórnarfundur haldinn 24. janúar 2019 kl:18:00

5. Aðalfundur deilda Keflavíkur 2019

Aðalfundur deilda eru hafnir og hafa taekwondo- og badmintondeild haldið sína aðalfundi. Á aðalfundi taekwondodeildar urðu formannskipti og hefur Helena Rut Borgarsdóttir tekið við af Jóni Oddi Guðmundssyni. Á aðalfundi badmintondeildar var Kristjáni Þór Karlssyni veitt silfur-starfsmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu og Stefaníu S. Kristjánsdóttur brons-starfsmerki fyrir fimm ára stjórnarsetu. Reikningar voru jákvæðir hjá báðum þessum deildum. Aðalfundur sunddeildar er í kvöld kl. 20:00. Sjá nánar á heimasíu félagsins með aðalfundartíma deilda.

6. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur verður haldinn 5. mars. Athuga með starfsbikarinn. Skoða með heiðursviðurkenningar. EH, KG, BMB og ES hafa ákveðið að gefa kost á sér til endurkjörs. SA hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. ÞMK og BSS sitja áfram en þau voru kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi. BI var ekki á fundinum.

7. Hringbraut 108

Vísað er í umræðuna í fyrsta lið fundarins.

8. Önnur mál

Búið er að senda inn til RSK rafrænt launamiða fyrir 2018 og einnig að sendi inn verktakamiða fyrir unglingaráð knattspyrnudeildar inn til RSK.

Verið að klára bókhald unglingaráðs körfuknattleiksdeildar.

Næsti fundur verður 7. febrúar 2019.

Fundi slitið kl. 19:30 Fundinn ritaði BS.

